

VIRKJUM LÝÐRÆÐIÐ FYRIR ALLA



Garðabæjarlistinnbýðurframtilsveitarstjórnarkosninga í Garðabæ. Eitt af markmiðum Garðabæjarlistans er að virkja lýðræðið og auka gagnsæi. Listinn er skipaður öflugum og áhugasömu fólki úr öllum áttum með sterka sýn á frelsi, lýðræði og ekki síst mennsku.

Við ætlum að ná því fram með að taka þátt á hinu pólitíska sviði og bjóða fram valkost sem samanstendur af einstaklingum sem brennur fyrir að gera Garðabæ að enn betra samfélagi. Við lifum á 21. öld og viljum koma stjórnsýslunni og þjónustunni þangað.

Valdefling íbúa

Það á að vera markmið hvernar bæjarstjórnar að íbúar láti sig varða um málefni nærsamfélagsins sem þeir tilheyra. Valdefling íbúa á að vera leiðarljós þeirra sem hið pólitíska vald hafa. Með eflingu valds, sem þýðir að færa hið raunverulega vald meira yfir til íbúanna sjálfra má ná fram því besta sem völ er á hverju sinni fyrir samfélagið í heild. Á sama tíma er nauðsynlegt að stefna að fullu gagnsæi í ákvarðanatöku, framkvæmdum og öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að bæjarbúar geti mótað sér upplýsta skoðun á málefnum og verkefnum.

Þátttaka íbúa

Garðabæjarlistinn óskar eftir og vill hvetja til þátttöku íbúa, aðkomu þeirra að litlum sem stórum málum sem varða okkur öll sem íbúa Garðabæjar. Það er ekkert málefni eða verkefni í sveitarfélagi sem ekki kallar á skoðanir ólíkra einstaklinga og mikilvægi sameiginlegrar niðurstöðu eftir samtali og þátttöku sem flestra. Þannig sköpum við rými og styðjum við enn frekari drifkraft, kraft sem kemur beint frá íbúunum.

Gagnsæi í stjórnsýslu

Garðabær á að sækja fram og vera leiðandi í lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem íbúalýðræðið er virkjað með fjölbreyttum leiðum gagnert til þess að ná til sem flestra. Íbúar eiga að hafa tækni á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Garðabær stendur fyrir valfrelsi íbúa sem er vel en um leið þarf að vera öflugt íbúalýðræði, þar sem gagnsæ stjórnsýsla er í fyrirrúmi með þjónustuhlutverkið í forgrunni. Rekstur sveitarfélags er ekkert annað en þjónusta við íbúa. Við viljum að Garðabær bjóði upp á framúrskarandi þjónustu fyrir alla.

Virkt lýðræði

Garðabæjarlistinn leggur áherslu á virkt lýðræði á milli bæjarstjórnarkosninga þar sem fundir og ákvarðanir bæjarstjórnar eru aðgengilegar öllum en einnig með opnum íbúafundum, aðgengilegum tillöguvef og íbúakosningu um einstaka mál. Við viljum að sveitarfélagið sýni frumkvæði í upplýsingagjöf til íbúa og fjölmiðla.



Heimasíða: gardabaejarlistinn.is
Facebook: [fb.com/gardabaejarlistinn](https://www.facebook.com/gardabaejarlistinn)
Instagram: [gbrlistinn](https://www.instagram.com/gbrlistinn)
Twitter: [gbrlistinn](https://twitter.com/gbrlistinn)